

Ár 2016, mánudaginn 17. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 8/2016

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X), sem barst siðanefnd 29. mars 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A, við rakkann B án þess að tíkin hefði náð tilskildum lágmarksaldri. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 25. apríl 2016 og henni gefinn andmælafrestur til 23. maí. Kærða svaraði með bréfi dagsettu 14. maí og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin var ákveðið að taka málið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 20. desember 2015 var tíkin A pöruð við rakkann B hinn 20. ágúst 2015. Hundarnir eru af kyninu Maltese og eru báðir í eigu kærðu. Við pörunina hafði tíkin ekki ná tilskyldum lágmarksaldri sem reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ segir til um. Á pörunarvottorðinu er skráður fæðingardagur hvolpa 28. september og miðað við þá dagsetningu mun pörunardagur vera ca 28. júlí 2015 en ekki 20 ágúst eins og skráð er í pörunarvottorði. Samkvæmt þessu er tíkin 19 mánaða gömul við pörun. Í svarbréfi kærðu kemur fram að um stór mistök hafi verið að ræða sem ekki hafi verið viljandi gerð og hún muni ekki gera aftur. Hún hafi talið dagana vitlaust og talið að tíkin væri 20 mánaða gömul en ekki 19 mánaða.

#### III: Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og samkvæmt grein 3.3 ber félagsmanni að:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr í reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélag Íslands”.

Og í reglugerð um ættbókarskráningu segir:

„Lágmarksaldur eftirtalinna tíka við pörun er 20 mánaða (Skv. beiðni Smáhundadeildar 01.08.10): Chinese crested, Coton de tular, Griffon Bruxellois, Griffon Belge, Japanskur

chin, Maltese, Petit brabançon, Pug, Boston terrier, Franskur bulldog, Havanese, og Russky toy. (Á við allar hundategundir smáhundadeildar)”).

Í málinu liggur ljóst fyrir samkvæmt pörunardegi hvolpanna að tíkin hafi ekki náð tilskildum aldri við pörun. Kærða hefur því gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Reglan er sett með dýravernd að leiðarljósi til að fyrirbyggja að tíkur séu paraðar of ungar. Ætti öllum ræktendum að vera bæði ljúft og skylt að huga vel að aldri tíka sinna og þroska áður en þær eru paraðar.

Þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við lög og reglur HRFÍ þykir siðanefnd það vera hæfileg refsing að áminna kærðu.

### III. Niðurstaða.

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir